

1. Verklagsreglur um seinkun á upphafi náms við grunnskóla Hafnarfjarðar

Seinkun á upphafi grunnskólanáms felur í sér að barn byrji ekki í grunnskóla fyrr en að hausti þess árs sem það verður 7 ára.

1.1 Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um seinkun á upphafi grunnskólagöngu til skólastjóra hverfissskóla þar sem barn er með lögheimili. Sótt er um seinkun á því almanaksári sem barnið verður sex ára, eigi síðar en 1. febrúar á því ári sem grunnskólaganga á að hefjast.

1.2. Skólastjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn sérfræðipjónustu og leikskóla, hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um seinkun berst.

Í umsögn sérfræðipjónustunnar þarf að koma fram:

1. Upplýsingar um ráðgjöf sem sérfræðipjónustan hefur veitt vegna barnsins.
2. Upplýsingar um aðkomu sérfræðipjónustunnar að greiningum vegna barnsins sem og greiningar annarra fagaðila og stofanana.
3. Almenn umsögn um þroskastöðu barns (æskilegt er að samráð sé haft við aðra sérfræðinga og stofnanir í þeim tilfellum sem það á við):
 - a. *Almenn námshæfni:* Almenn kunnátta barnsins er seinkuð og hún er tölvuvert frá því að vera aldursvarandi.
 - b. *Félagsþroski:* Hvaða félagslega færni skortir hjá barninu, þ.e. félagsleg hæfni barns er langt á eftir jafnöldrum
 - c. *Málþroski:* Staða og æskilegt er að mat talmeynafræðings liggja fyrir á stöðu barnsins (eigi það við).
 - d. *Vitsmunuþroski:* Hver er vitsmunuþroski barnsins og heildartala greindar (alla vega undir 70/75 á viðurkenndum mælitækjum, s.s WPPSI-R).
 - e. *Líkamleg heilsa og þroski.* Æskilegt er að upplýsingar liggja fyrir um heilsu og hreyfifærni, t.d. frá heilsugæslu eða barnalækni/sjúkraþjálfara/iðjuþjálfara.
4. Sjónarmið starfsmanna leikskóla um hvernig skólaganga hafi gengið í leikskóla og möguleikar til að sækja leikskóla áfram.
5. Niðurstaða athugunar byggist á þeim vísbendingum sem fram koma í heildstæðu mati og greinargerð.

1.3. Umsögn sérfræðipjónustu skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsögn er ráðgefandi.

1.4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um seinkun að fenginni umsögn sérfræðipjónustu og leikskóla og tilkynnir foreldrum bréfluga innan mánaðar frá því að umsagnir bárust og eigi síðar en 30. apríl.

Möguleiki á seinkun á upphafi grunnskólanáms er heimild en ekki réttur nemanda og lög um grunnskóla (2008) kveða ekki á um kærueheimild foreldra í þessu tilviki skv. 15. og 47. gr. laganna og því er hann ekki til staðar.

Hafnarfirði x.x. 2015